

Fundargerð ársfundar AkureyrarAkademíunnar haldinn þriðjudaginn 24. maí 2022 í húsnæði AkureyrarAkademíunnar, Sunnuhlíð 12, Akureyri.

Fulltrúar á ársfundi: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Gunnar Árnason, Jakob Þór Kristjánsson, Jón Hjaltason, Margrét Guðmundsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Steinunn A. Ólafsdóttir, Þórhallur S. Bjarnason.

Fundur var settur kl. 19:33. Fulltrúar kusu Sigurgeir Guðjónsson sem fundarstjóra og Steinunni A. Ólafsdóttur sem ritara.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

Dagskrá ársfundar:

1. Steinunn A. Ólafsdóttir, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsárið 2021-2022 og gerði grein fyrir fjármálum og rekstri, aðstöðu og faglegu starfi, miðlun upplýsinga og ytra samstarfi. Umræður fóru fram skýrsluna.
2. Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, fór yfir ársreikning AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2021. Rekstrartekjur ársins eru 11,5 m.kr., rekstrargjöld 10,1 m.kr., rekstrarhagnaður 1,4 m.kr., fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 1,1 m.kr. og rekstrarafkoma ársins er rúmlega 300,000 kr. Umræður fóru fram um ársreikninginn var hann samþykktur. Gjaldkeri kynnti jafnframt fyrirhugaðar framkvæmdir í Sunnuhlíð v/heilsugæslunnar á Akureyri.
3. Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, las upp nöfn 29 fulltrúa.
4. Kjör formanns og fulltrúaráðs. Fulltrúar kusu sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa og formann. Fulltrúaráð kaus gjaldkera og ritara úr sínum röðum. Eftirtaldir skipa stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar á starfsárinu 2022 til 2023.
 - a. Sigurgeir Guðjónsson, formaður
 - b. Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
 - c. Steinunn A. Ólafsdóttir, ritari
 - d. Gunnar Árnason, fulltrúaráð
 - e. Jakob Þór Kristjánsson, fulltrúaráð
 - f. Jón Hjaltason, fulltrúaráð
 - g. Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúaráð
5. Fjárhagsáætlun og árgjald:
 - a. Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram rekstraráætlun AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2022. Áætlaðar rekstrartekjur eru 12,7 m.kr, rekstrargjöld 10,6 m.kr., rekstrarhagnaður 2,0 m.kr, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 1,1 m.kr. og rekstarniðurstaða ársins rúmlega 900,000 kr. Umræður fóru fram og var rekstraráætlun samþykkt.
 - b. Stjórn lagði til óbreytt árgjald, 1,500 kr., sem ársfundurinn samþykkti.
6. Breytingar á skipulagsskrá. Stjórn lagði ekki til breytingar á skipulagsskrá.

7. Önnur mál

- a. Aðalheiður SteingrÍmsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar AkAk um aðstöðu og þjónustu sem lögð var fyrir í apríl. Þátttaka var um 70%.
- b. Þórhallur Bjarnason, gjaldkeri, gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á starfsemi og húsnæði í Sunnuhlíð vegna samnings Regins ehf. við ríkið um að norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri verði komið fyrir á efri hæð hússins og í nýbyggingu norðanmegin. Vegna þessa kaupir Reginn ehf. hluta af sameign annarra eigenda í húsinu og á lóð. Stjórn AkureyrarAkademíunnar hefur ákveðið að selja Reginn ehf. hluta af sameign AkureyrarAkademíunnar í húsinu og á lóð fyrir 4,7 m.kr.
- c. Aðalheiður SteingrÍmsdóttir, framkvæmdastjóri, viðraði þá hugmynd að í vorferðinni væri farið í heimsókn til Þekkingarnets Þingeyinga á Húsavík og var samrómur um að skipuleggja slíka ferð. Súpufundir eru komnir í „sumarfrí“ og hefjast á nýjan leik þegar haustar. Rætt var um hvernig efla megi erlent samstarf t.d. við Norðurlönd m.a. með það fyrir augum að ná til einstaklinga sem vildu koma til Akureyrar og fá vinnuaðstöðu hjá AkureyrarAkademíunni til að sinna sínum rannsóknum og fræðastörfum.

8. Ekki var fleira rætt og var fundi slitið kl. 21:20.

Steinunn A. Ólafsdóttir fundarritari.